

Eftirfarandi bókun var gerð á 969. fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar, 27. mars 2017.

2017020032 - Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2017

Lagður fram að nýju tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur, f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 14. mars sl. þar sem umsagnar er óskað um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (afnám lágmarksútsvars), 120. mál. Umsögn berist eigi síðar en 30. mars nk. Málið var áður á dagskrá bæjarráðs 20. mars sl.

Bæjarráð ítrekar umsögn sína frá árinu 2014:

"Bæjarráð Ísafjarðarbæjar leggst alfarið gegn því að ákvæði um lágmarksútsvar sveitarfélaga verði afnumið. Með slíkri aðgerð væri ýtt undir aðstöðumun á milli sveitarfélaga á landinu og samkeppni þeirra á milli. Jafnframt væri hætt á því að ójöfnuður í samfélaginu mundi aukast þar sem einstaka sveitarfélög gætu boðið útsvarsprósentu sem væri miklum meirihluta þeirra ómögulegt að bjóða. Þá er líklegt að skekkja myndi myndast á milli þess hvar fólk býr og hvar það þiggur sína þjónustu. Rökin fyrir lögbindingu lágmarksútsvarshlutfalls eru þau að allir íbúar landsins sem greiða skatt af tekjum sínum á annað borð skuli greiða sinn lágmarkshluta af kostnaði við þá samfélagsþjónustu sem sveitarfélögin veita íbúum landsins. Þau rök eiga jafnvel við nú og þegar lögin um tekjustofna sveitarfélaga vorusamþykkt árið 1995."

Bókun bæjarráðs tilkynnist hér með.

Hjördís Práinsdóttir
Skjalastjóri Ísafjarðarbæjar